



FÉLAG FRAMHALDSSKÓLAKENNARA  
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík Sími 595 1111  
ff@ki.is [www.ki.is](http://www.ki.is)

## **6. aðalfundur Félags framhaldsskólakennara 20. – 21. mars 2014**

### **Samþykkt um könnun KÍ og aðildarféлага á viðhorfum félagsfólks til þjónustu og starfsemi kennarasamtakanna**

**Aðalfundur Félags framhaldsskólakennara 20. - 21. mars 2014 samþykkir að beina eftirfarandi til 6. þings KÍ 1. - 4. apríl 2014:**

6. þing KÍ 1. - 4. apríl 2014 felur stjórn KÍ að fá óháðan aðila til að gera könnun haustið 2014 á viðhorfum félagsfólks til þjónustu og starfsemi kennarasamtakanna til að fylgjast með óskum og vilja þeirra. Jafnframt verði gerð óháð úttekt á skipuriti, rekstri og starfsemi KÍ. Niðurstöðurnar verði notaðar til að skipuleggja fræðslu um hlutverk og starfsemi samtakanna og að þróa áfram þá þjónustu sem þau veita, með hagkvæmni að leiðarljósi.

#### **Greinargerð:**

Árið 2006 lét KÍ gera viðhorfskönnun meðal félagsfólks til þjónustu og starfsemi kennarasamtakanna. Á svipuðum tíma var gerð úttekt á starfsemi og rekstri KÍ og voru niðurstöður notaðar til að þróa starfsemi samtakanna, þjónustu og hagkvæmni í rekstri. Mikilvægt er að gera slíka könnun aftur þar sem miklar samfélagsbreytingar hafa orðið síðan hún var gerð.